

Ráðstefna um almenningssamgöngur


Borgarnesi, 27. apríl 2000.



Jón Karl Ólafsson


framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Saga innanlandsflugs á Íslandi hefur verið nokkuð sérstök . . !




- ✓ Innanlandsflug á Íslandi var gefið frjálst í byrjun júní 1997, en hafði um árabil verið rekið á grundvelli sérleyfa.
- ✓ Rekstur innanlandsflugs hefur ætíð verið erfiður, bæði fyrir og eftir afnám sérleyfa.
- ✓ Áfangastöðum hefur fækkað í undanförunum árum.
- ✓ Þrátt fyrir þetta hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt.
- ✓ Bættar landsamgöngur hafa ekki þýtt fækkun farþega eins og margir héldu.

Saga innanlandsflugs á Íslandi hefur verið nokkuð sérstök . . !



- ✓ Innanlandsflug hefur tekið yfir að sífellt stærri hluta sem helsta almenningssamgöngutæki hér á landi.
- ✓ Við aukna samkeppni hefur verið lækkað og farþegum hefur áfram fjölgað.
- ✓ Verð á innanlandsfargjöldum er mjög lágt á Íslandi í samanburði við nágrannalönd.
- ✓ Staðsetning og nálægð flugvallar við miðbæ Reyjavíkur eykur mjög notagildi innanlandsflugs, sérstaklega fyrir landsbyggðina.

Farþegum hefur fjölgað innanlands á undanförunum árum



maí 4, 2000

Samkeppnin hefur verið hörð – og hún hefur líka verið kostnaðarsöm . . !



- ✓ Verðstríð var mjög hart í upphafi og lækkuðu verð mjög mikið á öllum meginleiðum.
- ✓ Afkoman hefur versnað og það lítur út fyrir, að samanlagt tap af innanlandsrekstri sé ekki undir einum milljarði króna á síðustu þremur árum.
- ✓ Það er ljóst, að það er mikil uppstokkun framundan, sem getur leytt til mikilla breytinga á stöðunni.
- ✓ Þetta gæti þýtt enn frekari fækkun áfangastaða, ef ekki verður gripið til einhverra aðgerða.

Það hafa orðið breytingar og þær eiga eftir að verða fleiri.



- ✓ Það er komið að ákveðinni uppstokkun í innanlandsflugi, sem ekki er séð fyrir endan á.
- ✓ Frelsi er gott mál – fyrir flesta, sem betur fer, en það eru nokkur vandamál sem koma upp.
- ✓ Eins og staðan er núna er líklegt, að flogið verði áætlunarflug til 4-5 stærstu staðanna, en óvissa ríkir um flug til minni byggðarlaga.
- ✓ Er hugsanlega komið að því, að ríkisstyrkja verði flug til minni staða, eins og aðra samgönguþætti, svo sem vegi og ferjuflutninga ?

Hvaða áhrif hafa síðustu atburðir á næstu framtíð ?



- ✓ Ég held að spurningin verði því miður ekki hve mörg flugfélög verða í innanlandsflugi, heldur í hve ríkum mæli verður unnt að halda þessari þjónustu úti.
- ✓ Það er ekki hægt að ætlast til þess að almennir hluthafar einkafyrirtækja standi undir slíkum taprekstri áfram, það eru margir aðrir áhugaverðari fjárfestingarkostir til staðar.
- ✓ Gömlu sérleyfin tryggðu samgöngur, en með hærri verðum til flestra áfangastaða, þannig að farþegar þar voru í raun að niðurgreiða flug til smærri staða.

Hvað er framundan ?



- Það verður að tryggja áfram frjálsan aðgang að markaði fyrir alla sem vilja !
- Yfirvöld verða að ákveða þjónustustig og leiðir til að sinna stöðum, sem eru markaðslega ekki áhugaverðir fyrir fyrirtæki.
- Það verður að tryggja áframhaldandi nálægð Reykjavíkurflugvallar við höfuðborgina til að notgildi verði sem mest.



Takk fyrir mig.



maí 4, 2000

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

